


Ragnar Logi Magnason

heimilislæknir og verðandi öldrunarlæknir



Kuldatíð

Læknar eru undantekningarlítið duglegt og drífandi fólk sem gengur í gegnum ýmsa herðandi hreinsunarelda í sínu starfsþroskaferli. Þar er sáð hugmyndinni um hinn sterka óljáandi fagmann sem getur orðið stór hluti sjálfmyndarinnar. Ef maður hneigðist til stéttarmonts gæti maður freistast til að halda því fram að seiglustig læknahópsins sé að líkindum í hærra lagi og skrápurinn hita- og kuldaþolnari en gengur og gerist.

Flest okkar hafa synt lengi í straumbungu álagsfljóti með reglulegum vatnavöxtum. Á mínu svamli áður fyrr talaði ég um „franskbrauðsvæðingu“ þjóðfélagsins í tengslum við fjölgun fólks með „svokallaða kulnun“. Launin fyrir hrokann voru stór sneið af hógvæðar-böku þegar undirritaður varð sjálfur fyrir kælivagninum á Háannastræti. Eftir ákeyrsluna tók við löng glíma við að nálgast kjörhitastig þar sem öllum brögð-um var beitt.

Í glímunni velti ég fyrir mér hvort persónuleikaþættir útsettu lækna fyrir kulnun. Óhófleg samvirksemi eða fullkomnunarhyggja, meðfædd eða áunnin. Rannsókn á 855 pólskum læknánum 2017 kannaði hvort þeir hefðu ríkari tillhneigingu en aðrir til árátta og þráhyggju. Rannsóknin benti ekki til þess, sem er ekki í samræmi við mína tilfinningu að eiginleikarnir séu útbreiddir í okkar hóp. Sjálfur hefur maður verið staðinn að verki í vinnu (og heima) við óskilvirkt og tímafrekt snurfus eða dítl-umdútl og vændur um að vera ekki eins og fólk er flest. Fyrst er afneitunin alger í þéttri vörn en svo lítur maður inn á við í augnablik og viðurkennir að hugsanlega gæti verið í gangi „oggu ponsu OC, en ekki með D-inu sko“.

Langir vinnudagar hafa verið nefndir í kulnunarumræðunni. Þetta getur varla verið meginskýring þar sem læknar hafa alla tíð unnið mikið. Stórkostleg aukning

á ónaðsynlegu áreiti alls staðar frá er hugsanlega stór orsakabáttur.

Vottorðavinna, samfélagsleg skaðabótavæðing, skráningarskylda og stöðugur ínáanleiki eru nú alls ráðandi. Maður verður hálfótur eftir langan dag með því sem á ensku heitir bullshit work. Í sístreymi fréttu- og samfélagsmiðla hafa því miður farið fram mannorðsaftökur okkar fólks án dóms og laga fyrir ætluð mistök, án þess að það geti, sökum trúnaðarskyldunnar, borið hönd fyrir höfuð sér. Umkvartendur geta hins vegar tjáð sig óhindrað og þannig fengið einhverja útrás fyrir þá vanlíðan og sorg sem að steðjar, hvort sem grundvöllur ásakana er traustur eður ei.

Minnast verður á breytt lífsmynstur fjölskyldna í fuglabjargi áreitisins. Skyldi staðalímynd feðraveldisins vera útdauð eða var hún nokkurn tímann til? Hann er í það minnsta ekki auðfínanlegur virðulegi læknirinn og y-berinn sem kemur heim eftir góðan vinnudag þar sem hann upplifir gagnsemi, virðingu og mannsæmandi laun sem duga lipurlega fyrir snyrtilegu húsi þar sem eftir vinnu bíður hugguleg fjölskyldan, velgdir inniskór, dagblaðið, síðdegislúrinn og þar á eftir borðhald við kótelettur í raspi með Ora grænum og inniföldu uppvaski.

Nei, eftir nútíma vinnudag hefst hin tilveran, heimilishald og uppeldi þar sem karlar eru að koma sterkari inn en foreldrarnir með samhverfu litningana bera þó ennþá þyngri byrðar.

Ekki þykir duga lengur að börnin gangi um símalaus, sjálfala, með lykil um háls og hor út á kinn eins og í den. Nú skal „hámarka“ og „besta“ uppeldið með skutli bæjarenda á milli á íþróttæfingar, í tónlistarnám og til sálfræðinga á námskeið í sjálfstyrkingu og vináttuþjálfun. Svo er brunað í sjúkrahjálfun til að vinna með vöðvabólgu og ranga líkamsstöðu þar sem snjalltæki koma klárlega við

sögu en við tökum þar samt hálfmeðvitaða ákvörðun um að stinga höfðinu í sandinn af ótta við að hugsa afleiðingar snjalltækninnar til enda.

Foreldrar eiga að fylgjast með námi barna sinna af kostgæfni og ekki duga lengur foreldrafundur, stjörnukladdar og heimsendir kennaramiðar með hrósi eða lasti. Það þarf að gjörgæsluvakta heimasíður og samskiptaforrit og lesa þar úr torræðum skilaboðum á stofnanamáli sem vönustu vottorðasmiðir klóra sér í kollinum yfir. Á foreldrafundinum er svo rætt um það hvar hver situr með hverjum en minna en áður rætt um tæpan lestrar-skilning. Hugsanlega spilar þar inn í að einkunnir eru orðnar illtúlkanlegri eftir að kerfinu var breytt í anda jafnaðarsinn-aðrar hugtakaverðbólgu og virðast nú allir krakkar fá B í einkunn því það má helst engan styggja. Hvort það sé B með plús eða mínus getur svo reyndar skipt sköpum fyrir framtíð barnsins, samkvæmt smáa letrinu.

Helsti aflagjafi eilífðarvélur streitu er samfélagsdrifið samviskubit og óttavæðing framleidd af fréttu- og félagsmiðlum fyrir fleiri smelli en markaðssálfræðingar hafa fyrir þó nokkru fundið út að 2H nálgunin framleiðir flesta smellina (hrós og hræðsla). Bak við allt saman virðast svo vera öfl sem eiga það sameiginlegt að vera að selja eitthvað. Útburðir voru meðal skelfilegustu drauga fyrri alda. Þá var þegar þekktur annar er Samanburður heitir. Hann var þá ekki talinn sérlega öflugur en hefur nú vaxið mjög og eflst, orðinn hræðilegastur allra drauga. Sammi er þó ekki alsælur og drífur okkur stundum til góðra verka, stunda útlits- og heilsurækt, til að mynda með maraþonhlaupum, fylliefnum og Everestklifri enda vill maður ekki missa heilsuna, hún er jú dýrmætust.